

Ákærði greiði ríkissjóði kr. 14.790.097.47.

Ákærði greiði Styrktarsjóði fatlaðra kr. 277.200.00.

Ákærði er ævilangt sviptur leyfisbréfum iðju og tollvöru-gerðar.

Málsvarnarlaun Guðmundar Ingva Sigurðsson hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, ákveðast kr. 60.000.00, og greiði ákærði af þeirri fjárhæð kr. 50.000.00, en ríkissjóður kr. 10.000.00. Ákærði greiði allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 50.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. janúar 1969.

Nr. 34/1968. **Örn Eyjólfsson og Snorri Ásmundsson**

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)

gegn

**Sigurgeiri Sigurjónssyni f. h. Volkswagen-
werk Aktiengesellschaft og gagnsök**

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Firmanafn. Dagsektir.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1968, krefjast sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 5. marz 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að fjárhæð málskostnaðar í héraði úr hendi aðaláfrýjanda verði hækkuð, að héraðsdómur verði að öðru leyti staðfestur og svo að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Örn Eyjólfsson og Snorri Ásmundsson, greiði gagnáfrýjanda, Sigurgeiri Sigurjónssyni f. h. Volkswagenwerk Aktiengesellschaft, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Kópavogs 21. desember 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. þ. m., hefur Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, höfðað fyrir hönd Volkswagenwerk Aktiengesellschaft, Wolfsburg, Þýzkalandi, fyrir sjó- og verzlunardómi Kópavogs gegn Erni Eyjólfssyni, Skálaheiði 5, Kópavogi, og Snorra Ásmundssyni, Sogavegi 126, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði að viðlögðum dagsektum dæmdir til þess að láta afmá firmanafnið „Fólksvagn sf.“ úr firmaskrá Kópavogs svo og að þeim verði talið óheimilt að auglýsa firma sitt með myndum af „Volkswagen“ bifreið og með bókstöfunum „V.W.“ á þann hátt, sem þeir gera og lýst er í málinu. Þá er og krafizt málskostnaðar úr hendi stefndu að mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu alls málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 23. október 1956 fékk stefnandi skrásett hér á landi vörumerki, sem lýst er þannig: „Innan í hring er bókstafurinn W, en fyrir ofan hann bókstafurinn V“. Er vörkumerkið skráð nr. 138/1956.

Sama dag fékk stefnandi skrásett hér á landi sem vörumerki orðið „Volkswagen“, og er vörumerkið skrásett nr. 139/1956.

Í tilkynningu í Stjórnartíðindum eru bæði vörumerkin skrásett „fyrir farartæki á landi, í lofti og á sjó, bifreiðar, varahluti

til bifreiða, hluta í vagna, varahluti til farartækja, og sjálfstæða bremsuhreyfla“.

Hinn 4. febrúar 1966 var skráð í firmaskrá Kópavogs firmað „Fólksvagn sf.“. Tilkynning um skrásetningu firmans var birt í Lögbirtingablaðinu, sem út kom 19. febrúar 1966. Var tilkynningin svohljóðandi:

„Við undirritaðir, Örn Eyjólfsson, Skálaheiði 5, Kópavogi, og Snorri Ásmundsson, Sogavegi 126, Reykjavík, tilkynnum hér með til firmaskrár Kópavogs, að við rekum bifreiðaverkstæði að Borgarholtsbraut 69, Kópavogi, undir nafninu Fólksvagn s.f. Fyrirtækið rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð. Fyrirtækið er sjálfstæður skattaðili. Hvor okkar um sig getur ritað nafnið þannig:

Fólksvagn s.f.

Örn Eyjólfsson.

Fólksvagn s.f.

Snorri Ásmundsson.

Kópavogi, 4. febrúar 1966.

Örn Eyjólfsson.

Snorri Ásmundsson“.

Nokkru áður, eða 18. janúar 1966, birtist í Morgunblaðinu auglýsing frá Bílaverkstæðinu Fólksvagni s/f, Borgarholtsbraut 69, Kópavogi. Í auglýsingu þessari segir m. a.: „V.W. eigendur, athugið, látið okkur annast viðhald og viðgerðir á bifreið yðar. Sérþjálfaðir menn. Höfum varahluti á staðnum“.

Með bréfi, dags. 23. maí 1966, ritaði lögmaður stefnanda stefndu bréf, þar sem segir m. a.:

„Nú fyrir nokkru munuð þér hafa fengið skráð firmað „Fólksvagn S.F.“. Sömuleiðis munuð þér hafa auglýst firma með þessu nafni í dagblöðunum, ásamt mynd af „Volkswagen“ og áskorun til V.W. eigenda um að láta firma yðar annast viðhald og viðgerðir bíla sinna.

Umbj. mínir, Volkswagenwerk Aktiengesellschaft, Wolfsburg, Þýskalandi, eru eigendur íslenzku vörumerkjanna nr. 139/1956 „Volkswagen“ og nr. 138/1956 „V.W.“. Telja umbj. m., að nefnd skráning yðar á firmanafninu „Fólksvagn“ svo og nefnd notkun yðar á bókstöfunum „V.W.“ ásamt áskorun yðar í dagblöðunum um að láta firma yðar annast viðhald og viðgerðir á V.W. bifreiðum brjóti í bág við rétt sinn sem eigenda ofangreindra vörumerkja, auk þess sem hér sé um óréttmæta verzlunarhætti að ræða, sem í bága fari við lög nr. 84/1933 um bann gegn órétt-

mætum verzlunarháttum. Ég leyfi mér því hér með að skora á yður að láta nú þegar afmá firmanafnið „Fólksvagn s.f.“ úr firmaskránni og jafnframt, að þér hættið að misnota nefnd vörumerki umbj. m. ásamt myndum af V.W. bifreiðum þeim, sem umbj. m. einir framleiða.

Verðið þér ekki við þessum tilmælum mínum fyrir n. k. mán-aðamót, neyðast umbj. m. til þess að leita aðstoðar dómstólanna til þess að fá leiðréttingu á framangreindu athæfi yðar“.

Eigi munu stefndu hafa svarað þessu bréfi, og hinn 1. júní 1966 lét stefnandi því gefa út réttarstefnu, sem birt var 14. júní 1966.

Undir rekstri málsins hafa stefndu komið fyrir dóm og gefið skýrslur.

Stefndi Snorri Ásmundsson skýrði svo frá, að hann hafi lært bifvéla-virkjun hjá fyrirtækinu P. Stefánssyni h/f. Hafi þar ein-göngu verið unnið við viðgerðir á Volkswagen-bifreiðum og Land-rover. Stefndi lýsti því yfir, að honum hafi verið kunnugt um það, að vörumerki nr. 138/1956 og 139/1956 hafi verið vernduð. Þá lýsti hann því yfir, að vel megí vera, að margir kalli Volks-wagen-bifreiðar „fólksvagna“, og kvaðst hann hafa heyrt þá nefnda svo.

Stefndi Örn Sævar Eyjólfsson kvaðst einnig hafa lært bifvéla-virkjun hjá P. Stefánssyni h/f. Þar hafi til að byrja með aðallega verið unnið við Volkswagen-bifreiðar og Landrover, en á síðari hluta námstímans eingöngu við þær bifreiðar. Stefndi kvað sér kunnugt um það, að hringlaga merkið með stöfunum VW hafi verið verndað, en ekki annað. Stefndi taldi, að yfirleitt væri orðið Volkswagen notað um þær bifreiðar, en hins vegar sé því ekki að neita, að einhverjir noti orðið fólksvagn um þær gerðir bif-reiða.

Við yfirheyrslur þessar kom fram, að stefndu nota mynd af Volkswagen-bifreið á reikningum fyrirtækisins.

Af hálfu stefnanda hafa verið lögð fram vottorð þriggja bif-reiðasala, Halldórs Snorrasonar, Bergþórugötu 61, Reykjavík, Davíðs Sigurðssonar, Skaftahlíð 3, Reykjavík, og Guðmundar Jónatans Guðmundssonar, Miklubraut 13, Reykjavík. Í vottorð-um þessum segir, að bílar af Volkswagen-gerð séu oft í daglegu tali manna á meðal nefndir „fólksvagnar“, enda sé ekki átt við aðra gerð bíla, þegar talað er um „fólksvagna“. Komu bifreiða-salar þessir allir fyrir dóm og staðfestu vottorð sín.

Vitnið Guðmundur Jónatan Guðmundsson kvaðst nota orðið

„fólksvagn“ alltaf í afsölum fyrir Volkswagen-bifreiðum, er það gangi frá afsölum fyrir slíkum bifreiðum. Aðspurt, hvers vegna vitnið notaði orðið „fólksvagn“, skýrði það svo frá, að það álitu það rétta þýðingu á nafninu Volkswagen, og kvaðst vitnið alltaf hafa skilið orðið Volkswagen sem fólksvagn. Vitnið skýrði svo frá, að þegar kaupandi kemur og spyr um Volkswagen-bifreið, sé í flestum tilfellum spurt eftir „fólksvögnum“. Loks skýrði vitnið svo frá, að þegar það auglýsti Volkswagen-bifreiðar, hringi það í blöðin og noti þá orðið fólksvagn.

Vitnið Halldór Snorrason skýrði svo frá, að það noti ætíð orðið Volkswagen í afsölum, sem það gangi frá, um þær gerðir bifreiða og sama gildi um auglýsingar. Þá skýrði vitnið svo frá, að þegar spurt sé um „fólksvagn“, sé í öllum tilvikum átt við Volkswagen-bifreið, en ekki annan bíl. Skýrði vitnið svo frá, að jöfnum hönd-um séu notuð orðin Volkswagen og fólksvagn.

Vitnið Davíð Sigurðsson skýrði svo frá, að þegar það gangi frá afsölum bifreiða, noti það orðið Volkswagen um þær gerðir bifreiða. Í daglegu tali taldi vitnið, að þessar bifreiðar séu jafnvel oftara kallaðar fólksvagn.

Í stefnu og við munnlegan málflutning hefur því verið haldið fram af stefnanda, að skráning firmans „Fólksvagn sf.“ svo og auglýsingaaðfarir þær, sem lýst hefur verið hér að framan, brjóti í bága við rétt hans til vörumerkjanna nr. 138/1956 og 139/1956, en auk þess sé um að ræða brot gegn lögum nr. 42/1903 um verzlanskrár, firmu og prókúruumboð, 10. gr., og lögum nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháltum, 9. gr., sbr. og lög nr. 102/1961 (8. gr. Parísarsamþykktar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar). Enn fremur hefur umboðsmaður stefnanda rökstutt kröfur sínar með tilvísun til laga nr. 49/1943 um breyting á lögum nr. 13 20. október 1905 um rithöfundarétt og prentarétt svo og til ákvæða Bernarsáttmálans, 1. og 2. gr.

Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á 10. gr. laga um verzlanskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, en þar segir m. a.: „Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns á hans leyfis“. Heldur stefnandi því fram, að enda þótt lagagrein þessi banni ekki berum orðum, að vörumerki séu tekin upp í firmanöfn, þá hafi greinin, sem sé samhljóða ákvæði í dönskum lögum um sama efni, verið skýrð svo í Danmörku og annars staðar á Norðurlöndum, að óheimilt sé að taka vörumerki annars manns upp í firmanafn hans. Svo sem þegar hefur komið fram, á stefnandi skráð vörumerkið

„Volkswagen“. Firmanafnið „Fólksvagn sf.“ er að áliti stefnanda beinlínis stæling og þýðing á vörumerkinu „Volkswagen“, og því telur stefnandi, að firmanafn stefndu sé af þessum ástæðum ólöglegt og óheimilt samkvæmt lögjöfnun frá 10. gr. laga nr. 42/1903. Bendir stefnandi í þessu sambandi á, að stefndu noti firmanafn sitt í sambandi við atvinnurekstur varðandi farartæki á landi, bifreiðar og varahluti til bifreiða. Af þessum ástæðum og einnig öðrum sé því mikil hætt á ruglingi milli firma stefndu og firmanafns stefnanda og vörumerkisins „Volkswagen“. Stefnandi telur, að stefndu hafi í rauninni tekið vörumerkið „Volkswagen“ upp í firmanafn sitt með því að nota orðið fólksvagn, enda sé þetta orð skilið og notað af almenningi hér á landi um Volkswagen-bifreiðar og sé þetta eitt út af fyrir sig nóg ástæða til þess að banna stefndu að nota orðið „fólksvagn“ í firmanafni sínu.

Í öðru lagi heldur stefnandi því fram, að firmaskráningin brjóti gegn lögum nr. 102/1961 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, en samkvæmt auglýsingu nr. 5/1962 hefur samþykktin öðlazzt lagagildi á Íslandi. Í 8. gr. samþykktarinnar segir: „Firmanafn er verndað í öllum löndum sambandsins, án þess að þörf sé að sækja um það eða skrásetja það, hvort sem það er hluti af vörumerki eða ekki“. Bendir stefnandi á, að firmanafn hans sé skráð í Þýzkalandi, sem einnig sé aðili að samþykkt þessari, og njóti það því þeirrar réttarverndar, sem greinin veitir þýzkum borgurum og þýzkum firmum hér á landi. Í þessari vernd felist vernd gegn því, að aðrir taki upp í firmanafn sitt, firmnöfn eða vörumerki þeirra firma, sem hér eru skráð eða notuð. Samþykkt þessi hafi ekki aðeins lagagildi hér á landi, heldur sé um að ræða milliríkjasamning, sem Ísland sé aðili að, og sé íslenskum stjórnvöldum því skylt að veita erlendum ríkisborgurum og firmum þá vernd, sem í samþykktinni felist. Þá bendir stefnandi á, að vörumerki hans, „Volkswagen“, sé hluti af firmanafni hans, og auki þetta á vernd stefnanda á firmanafninu. Loks bendir stefnandi á, að 8. gr. samþykktarinnar hafi verið skýrð mjög rúmt, þannig að hún verndi ekki aðeins firmanafnið, eins og það er skráð, heldur líka allar stælingar á því og enn fremur þýðingar á því og þau nöfn, sem almenningur kann að kalla firmun með styttingu á hinu skráða nafni og þess háttar.

Enn hefur stefnandi haldið því fram, að stefndu hafi brotið

ákvæði 9. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, en þar segir: „Bannað er að nota í atvinnuskyni nafn, firmanafn, verzlunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til, er notar, eða reka atvinnu undir nafni, sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekenda“. Í sambandi við þetta ákvæði hefur stefnandi m. a. vikið að reglum Alþjóða-verzlunarráðsins í Tokyo frá 1955, en þar er m. a. talið til óréttmætra verzlunarháttastælingar á vörumerki eða nafni keppinautar, myndum hans eða öðru, sem hann notar í viðskiptum sínum.

Auk þess sem stefnandi telur á hlut sinn gengið með notkun stefndu á firmanafninu „Fólksvagn sf.“ telur hann, að stefndu hafi brotið rétt á sér með auglýsingu þeirri, sem getið hefur verið hér að framan. Með auglýsingu þessari hafi stefndu snúið sér sérstaklega til eigenda Volkswagen-bifreiða og þá notað skammstöfun og vörumerki stefnanda. Verði ekki um villzt, að verið sé að vekja athygli almennings á því, að hér sé eingöngu eða aðallega gert við þá bifreiðategund og varahluti til hennar, sem stefnandi framleiðir. Auglýsing þessi sé mjög til þess fallin að vekja hjá almenningi þá villu, að náíð viðskiptasamband sé á milli stefndu og stefnanda eða að einhvers konar löggilding sé fyrir hendi af hálfu stefnanda á starfsemi stefndu.

Af hálfu stefndu hefur því verið haldið fram, að ekki verði séð, að firmanafn þeirra, „Fólksvagn sf.“, brjóti á nokkurn hátt í bága við rétt stefnanda til vörumerkisins „Volkswagen“. Ritháttur orðanna sé mismunandi og framburður allt annar auk þess sem bætt sé aftan við firmanafn þeirra stöfunum „sf.“. Firmanafn þeirra sé sett saman úr tveimur íslenskum orðum, sem stefnandi hafi engan einkarétt á, hvorki einstökum hlutum þess né í samsetningu, þar sem einkaréttur stefnanda náí aðeins til þýzka orðsins Volkswagen.

Að því er varðar vörumerkið „V.W.“, benda stefndu á, að stefnandi hafi í sjálfu sér engan einkarétt á stöfunum V og W. Einkaréttur stefnanda til þessara stafa byggist á því, að þeir séu samsettir á vissan og sérkennilegan hátt, þ. e. innan í hring er bókstafurinn W, en fyrir ofan hann bókstafurinn V.

Þá er því mótmælt af stefndu, að þeir hafi brotið í bága við rétt stefnanda til nefndra vörumerkja, þótt þeir noti í auglýsingum sínum mynd af Volkswagen-bifreið. Ekki sé vitað til þess, að stefnandi hafi nokkurn einkarétt á mynd af Volkswagen-bifreið, enda séu þess mörg dæmi, að bifreiðaverkstæði noti slíka mynd

í auglýsingum sínum, a. m. k. eitt dagblað í Reykjavík birti slíka mynd nær daglega í auglýsingadálki sínum yfir bifreiðaviðgerðir.

Stefndu hafa haldið því fram, að það hafi aldrei verið ætlun þeirra að skerða á nokkurn hátt rétt stefnanda til nefndra vörumerkja, og er bent á það, að stefnandi noti merki þessi sem framleiðslumerki, en stefndu hafi alls enga framleiðslu með höndum.

Með vísan til þessa er því haldið fram af stefndu, að taka beri til greina sýknukröfu þeirra.

Það er álit dómsins, m. a. með vísun til framburða þeirra bifreiðasala, sem vitni hafa borið í málinu, og viðurkenningar stefndu, að orðið „fólksvagn“ sé manna á meðal notað í íslenzku máli um Volkswagen-bifreiðar, og þá tegund bifreiða eina, og er orðið fólksvagn að áliti dómsins íslenzkuð alþýðleg orðmynd hins þýzka orðs. Með tilliti til þessa svo og til þess, hversu lík orðin „fólksvagn“ og „Volkswagen“ eru í framburði og í rit-hætti, telur dómurinn, að notkun orðsins „fólksvagn“ í firmanafninu „Fólksvagn sf.“ sé til þess fallin að vekja hjá almenningi þá trú, að um viðskiptasamband milli stefndu og stefnanda sé að ræða eða að einhvers konar löggilding sé fyrir hendi af hálfu stefnanda á starfsemi stefndu. Með því að eigi er í ljós leitt, að stefnandi hafi heimilað stefndu notkun orðsins „fólksvagn“ í sambandi við atvinnurekstur þeirra, og með vísun til þeirra lagaákvæða, sem stefnandi byggir kröfur sínar á og lýst hefur verið, þykir verða að fallast á það með stefnanda, að stefndu sé óheimilt að nota hið umdeilda firmanafn. Skrásetning firmanafnsins „Fólksvagn sf.“ er því brot á rétti stefnanda til firmanafns síns og vörumerkisins „Volkswagen“, og ber stefndu því að kröfu stefnanda að láta afmá firmanafnið úr firmaskrá Kópavogs innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlögðum 300 króna dagsektum til stefnanda, sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936.

Þá þykir einnig verða að fallast á það með stefnanda, að notkun stefndu á bókstöfunum „V.W.“ ásamt með notkun þeirra á mynd af Volkswagen-bifreið í auglýsingu þeirra um firmað, sem greint er frá í málinu, hafi, eins og auglýsingunni var háttað, verið til þess fallin að vekja hjá almenningi þá trú, að um viðskiptasamband milli aðilja sé að ræða eða einhvers konar löggilding stefnanda á starfsemi stefndu liggi fyrir. Telur því dómurinn, að fallast verði á kröfur stefnanda, einnig að því er varðar þessa notkun stefndu.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Ólafur W. Stefánsson deildarstjóri kvað upp dóm þenna sem setubæjarfógeti í Kópavogi ásamt samdómendunum Jóni L. Arnalds deildarstjóra og Knúti Hallssyni deildarstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Erni Eyjólfsyni og Snorra Ásmundssyni, er óheimilt að nota firmanafnið „Fólksvagn sf.“, svo og er þeim óheimilt að auglýsa firma sitt með myndum af Volkswagen-bifreið og með bókstöfunum „V.W.“ á þann hátt, sem þeir hafa gert og lýst er í málinu.

Stefndu skal skylt að láta afmá firmanafnið „Fólksvagn sf.“ úr firmaskrá Kópavogs innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum 300 króna dagsektum, er renni til stefnanda, Volkswagenwerk Aktiengesellschaft.

Stefndu greiði stefnanda kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. janúar 1969.

Nr. 172/1967. **Guðmundur Albertsson og**

Hörður G. Albertsson

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Jóni Gíslasyni s/f og gagnsök

(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Samningar. Fiskverzlun. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. október 1967, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. nóvember 1967 og gert þær dómkröfur, að þeim verði dæmd sýkna